

HLAUPASTELPAN

ATVINNA

ÓSKUM EFTIR ÞROSKAÞJÁLFA TIL STARFA VIÐ SKÓLAÞJÓNUSTU ÞINGEYJARSVEITAR



VERKSVIÐ OG MEGINVERKEFNI

- Tekur þátt í teymisvinnu með öðrum sérfræðingum skólaþjónustu Þingeyjarsveitar.
- Vinnur að áætlanagerðum, þ.m.t. bekkjaráætlunum og einstaklingsáætlunum í samstarfi við kennara, sérkennara, stuðningsfulltrúa og foreldra í leik- og grunnskólum Þingeyjarsveitar.
- Skipuleggur þjálfunaraðstæður, velur/útbýr þjálfunar- og námsgögn og fylgir eftir settum markmiðum, metur árangur og endurskoðar markmið í samstarfi við sérkennara skóla.
- Skipuleggur og tekur þátt í markvissum atferlisinngripum.
- Aðlögun náms og námsumhverfi fyrir einhverfa nemendur og nemendur með þroskafrávik.
- Annast þjálfun og fræðslu um fatlanir og þroskafrávik fyrir stuðningsfulltrúa og annað starfsfólk skóla.
- Veitir starfsfólki skóla og foreldrum ráðgjöf og leiðbeiningar.
- Ber ábyrgð á hjálpartækjum nemenda og sér til þess að þau séu rétt notuð.
- Vinnur eftir lögum um farsæld barna og tekur þátt í starfi þjónustuteyma í samþættingu sé þess óskað.
- Vinnur önnur verkefni sem yfirmaður felur honum og eðlilegt getur talist að rúmist innan verksviðs yfirþroskaþjálfu.



VERKSVIÐ OG MEGINVERKEFNI

- Leyfi til að nota starfsheitið þroskaþjálfu.
- Farsæl reynsla af vinnu með einstaklingum með fjölþættan vanda.
- Frumkvæði, sjálfstæð vinnubrögð og skipulagshæfni.
- Góð samskiptafærni og sveigjanleiki í starfi.
- Áhugi á að starfa í skapandi og metnarðarfullu umhverfi.
- Góð kunnátta í íslensku

Umsóknir sendist á netfangið umsokn@thingeyjarsveit.is


Nánari upplýsingar um starfið og launakjör veitir Hjördís Albertsdóttir sviðsstjóri fjölskyldusviðs í síma 512 1800 eða á netfangið

hjordis.albertsdottir@thingeyjarsveit.is

FRESTUR:

15. JÚNÍ

ATH! Starfsfólk óskast! Umsjón félagsstarfs 60 ára og eldri í Þingeyjarsveit



Laus til umsóknar eru tvö 20 – 25% störf í umsjón með félagsstarfi eldri borgara einu sinni í viku. Um er að ræða skipulag, undirbúning og umsjón á samverustundum eldri borgara í Þingeyjar- og Stórutjarnaskóla. Umsóknarfrestur: 10. júní.



Samverustundir eldri borgara í Þingeyjarsveit eru tvisvar í viku, annars vegar í Mývatnssveit og hins vegar til skiptis í Þingeyjarskóla og Stórutjarnaskóla.

FREKARI UPPLÝSINGAR:

Gunnhildur Hinriksdóttir, verkefnastjóri æskulýðs- tómstunda- og menningarmála - gunnhildur@thingeyjarsveit.is

FRESTUR:

10. JÚNÍ

Prestur á vakt í Þingeyjarprestakalli

Prestar í Þingeyjarprestakalli leysa hvern annan af í sumarfríum.

Þau hafa skipt með sér vöktum sem hér segir í júní:

30. maí - 14. júní, Þorgrímur G. Daníelsson, s. 893 1804, netfang: dagvar@mi.is

15. - 21. júní, Guðmundur Guðmundsson, s. 850 3309, símatími virka dag kl. 10-12 nema föstudaga, netfang: gudmundur.gudmundsson@kirkjan.is

22. - 28. júní, Sólveig Halla Krisjánsdóttir, s. 464 1317, símatími virka daga kl. 10-12 nema mánudaga, netfang: solveigk@kirkjan.is

Endilega sendið tölvupóst og prestur á vakt hringir við fyrsta tækifæri.

Bestu sumarkveðjur, Sólveig Halla, Þorgrímur og Guðmundur.





FERMINGARMESSA Í HÁLSKIRKJU

Laugardaginn 6. júní

kl. 13:30

Verið hjartanlega velkomin í Hálskirkju
að fagna með fermingarbörnunum okkar
á þessum stóra degi í lífi þeirra.

Við biðjum þeim Guðs blessunar
og gleðjumst með þeim og fjölskyldum þeirra.

Öll hjartanlega velkomin.



Ágæta áhugafólk um skógrækt.

Nú er einstakt tækifæri. Skemmtiferð um Reykjahverfi í boði Skógræktarfélags Reykhverfinga. Sömuleiðis glæsilegar kaffiveitingar á þeirra vegum. Í tilefni aðalfundar Skógræktarfélags Suður Þingeyinga, laugardaginn 13. júní, fararstjóri er Atli Vigfússon.

Skráning þarf að hafa borist í síðasta lagi 5. júní til viðkomandi, Agnes Þórunn Guðbergsdóttir, sími 8498902 eða á aggatota@simnet.is, vegna stærð bíls og veitinga.

Kl. 13.00. Mæting við Heiðarbæ, Reykjahverfi, best að sameinast í bíla þangað. Farið í Hveravelli. Stoppað við Yztahver. Sagt frá sögu staðarins og skógræktinni.

Kl. 13.30. Farið í Litlu-Reyki. Þar skoðað elsta tré sveitarinnar og sagt frá sögu þess. Sagt frá skógræktinni á Rein sem sést vel frá bænum. Ef til vill litið á heimilisgarðinn.

Kl. 14.00. Farið í Víðiholt. Þar litið á skógrækt sem hófst á þessari öld. Búið er að planta 75.000 plöntum á bænum.

Á leiðinni frá Víðiholti er rætt um sveitina í bílnum. Ræktunarmöguleikar ræddir og horft úr bílnum á undirbúning skógræktarinnar á Hvammsheiði sem sést vel og er í höndum eigenda þverár í Reykjahverfi.

Kl. 14.30. Ekið að Laxamýri. Þar rætt um skjólbelti. Gildi þeirra fyrir búpening, ræktun og útlit bændabýla. Ekið niður að Æðarfossum og þar skoðað (úr bílnum) hvernig land breytist við uppgræðslu.

Kl. 15.00. (Ef til vil örlítið síðar.) Komið í Heiðarbæ.

Aðalfundur Skógræktarfélags Suður-Þingeyinga.
Veislukaffi í fundarlok.

Stjórn Skógræktarfélags Suður-Þingeyinga.